



Vátryggingafélag Íslands hf.

# Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1. janúar 2021 – 30. september 2021

# Vátryggingafélag Íslands hf.

Samandreginn árshlutareikningur  
samstæðu

1. janúar - 30. september 2021

## **Efnisyfirlit**

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	2-3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	4
Efnahagsreikningur	5
Eiginfjáryfirlit	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8-13

---

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur Vátryggingafélags Íslands hf. ("félagið" eða "VÍS") fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2021 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS34. Aðalstarfsemi félagsins felst í vátryggingastarfsemi og fjárfestingum. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess Líftryggingafélags Íslands hf., sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur ekki verið kannaður eða endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

## Rekstur og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður samstæðunnar á fyrstu níu mánuðum ársins 6.734 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 60.758 milljónum króna og bókfært eigið fé nam í lok tímabilsins 20.526 milljónum króna.

Samsett hlutfall tímabilsins var 97,7%, tjónahlutfall var 77,2% og rekstrarkostnaðarhlutfall var 21,9%. Ávöxtun fjáreigna var jákvæð um 16,2% og ávöxtun eiginfjár var 36,6% á tímabilinu.

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 19. mars. Á fundinum var ný stjórn kosin. Í aðalstjórn voru kosin Stefán Héðinn Stefánsson, stjórnarformaður, Vilhjálmur Egilsson, varaformaður stjórnar, Guðný Hansdóttir, Marta Guðrún Blöndal og Valdimar Svavarsson. Sveinn Friðrik Sveinsson og Ragnheiður Hrefna Magnúsdóttir voru kosin í varastjórn félagsins.

Líkt og kynnt var í skýrslu stjórnar með árshlutauppgjöri fyrsta ársfjórðungs þessa árs hefur félagið breytt högun á upplýsingagiðf. Félagið gefur nú út horfur um samsett hlutfall ársins en hefur horfið frá afkomuspá um afkomu af fjárfestingareignum. Í afkomuspá sem gefin var út 19. apríl var gert ráð fyrir að samsett hlutfall ársins 2021 yrði 97% - 99%. Afkomuspá ársins er óbreytt eftir fyrstu níu mánuði ársins.

Stjórn samþykkti endurkaupaáætlun í samræmi við heimild hluthafafundar þann 4. febrúar, þar sem samþykkt var að kaupa að hámarki 17 milljónir hluta fyrir að hámarki 250 milljónir króna. Endurkaupaáætluninni lauk þann 18. mars en þá höfðu verið keyptir 16 milljónir hluta fyrir samtals 249 milljónir króna. Þann 19. mars samþykkti aðalfundur félagsins tillögu um heimild til kaupa á eigin hlutum. Þar segir að stjórn félagsins sé heimilt að kaupa allt að 10% af hlutafé þess á næstu 12 mánuðum að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Á þeim grundvelli hafði félagið keypt 43.462.192 hluti til viðbótar þann 30. júní eða alls 59.462.192 hluti. Félagið lauk svo framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar á þriðja ársfjórðungi 2021 með kaupum á 35 milljónum hluta til viðbótar og stendur hlutafé félagsins í 1.800 milljónum að því loknu.

Kórónuveirufaraldurinn hefur haft víðtæk áhrif á efnahagsumhverfið. Félagið varð fyrir nokkrum áhrifum þegar fyrirtæki í ferðaþjónustu drógu saman seglin og fækkuðu tryggingum sem voru í gildi. Ferðaþjónustan tók svo við sér þegar leið á sumarið og var farin að nálgast fyrra horf. Fækkun ferðamanna og minni umferð höfðu þau áhrif að færri tjón voru í umferðinni sem hafði jákvæð áhrif. Heildaráhrif kórónuveirufaraldursins á afkomu félagsins voru því óveruleg. Verði framvinda faraldursins svipuð og undanfarin misseri er ekki talið líklegt að áhrifin verði umtalsverð á afkomu félagsins. Fjárhagsstaða félagsins er mjög sterk og félagið vel í stakk búið til að mæta þeirri óvissu sem nú ríkir.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

---

## Hlutfé og ráðstöfun hagnaðar

Skráð hlutfé félagsins nam í lok tímabilsins 1.894 milljónum króna (þar af eigin bréf 94 milljónir króna), og er hver hlutur í félaginu ein króna að nafnverði. Hluthafar félagsins voru 798 í lok tímabilsins en voru 709 í ársbyrjun. Um 53% (57% 2F) eru í eigu lífeyrissjóða, 14% (17% 2F) í eigu annarra lögaðila, 13% (14% 2F) í eigu innlendra sjóða, 7% (8% 2F) í eigu banka, 7% (8% 2F) í eigu einstaklinga og 1% (0% 2F) í eigu erlendra sjóða. Tillaga stjórnar um greiðslu arðs að fjárhæð 1.597 milljónir eða 0,85 á hlut, var samþykkt á aðalfundi félagsins og greiddi félagið arð til hluthafa þann 26.mars s.l.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningur Vátryggingafélags Íslands hf. gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2021 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 30. september 2021. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningurinn geymi glögg yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar í lok tímabilsins og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. hafa í dag farið yfir samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2021 og staðfesta hann með undirritun sinni.

---

Reykjavík, 21. október 2021

### Í stjórn

Stefán Héðinn Stefánsson  
stjórnarformaður

Vilhjálmur Egilsson  
varaformaður

Marta Guðrún Blöndal

Valdimar Svavarsson

Guðný Hansdóttir

### Forstjóri

Helgi Bjarnason

## Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkoma fyrir tímabilið 1. janúar - 30. september 2021

	Skýr.	3F 2021	3F 2020	9M 2021	9M 2020
Iðgjöld tímabilsins .....		5.954.829	5.735.363	17.124.043	16.933.689
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum .....		(213.686)	(148.860)	(568.332)	(546.765)
<b>Eigin iðgjöld</b>	6	5.741.143	5.586.502	16.555.711	16.386.924
Vaxtatekjur .....	7	128.641	144.405	445.704	447.857
Gengismunur gjaldmiðla .....		16.071	43.998	(1.436)	338.248
Gangvirðisbreytingar fjáreigna .....	7	1.864.278	921.584	6.622.462	1.774.209
<b>Fjárfestingatekjur</b>		2.008.989	1.109.987	7.066.730	2.560.314
Aðrar tekjur .....		14.150	19.114	50.426	45.929
<b>Heildartekjur</b>		7.764.282	6.715.602	23.672.868	18.993.167
Tjón tímabilsins .....		(4.085.104)	(4.228.099)	(13.220.791)	(14.266.045)
Hluti endurtryggjenda í tjónum .....		40.362	34.457	794.606	179.082
<b>Eigin tjón</b>	8	(4.044.743)	(4.193.641)	(12.426.185)	(14.086.963)
Tæknilegar vaxta og gengisbreytingar vátryggingaskuldar ....		27.450	(83.298)	229.741	(732.555)
Rekstrarkostnaður .....		(1.225.631)	(1.175.550)	(4.042.037)	(3.966.824)
Vaxtagjöld .....		(73.822)	(76.607)	(240.692)	(213.206)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna .....		(9.248)	(34.644)	(42.432)	(80.791)
<b>Heildargjöld</b>		(5.325.995)	(5.563.739)	(16.521.606)	(19.080.339)
<b>Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt</b>		2.438.288	1.151.863	7.151.261	(87.172)
Tekjuskattur .....	9	(207.259)	(119.673)	(417.543)	72.574
<b>Hagnaður (tap) og heildarafkoma tímabilsins</b>		2.231.029	1.032.191	6.733.718	(14.598)
<b>Hagnaður (tap) á hlut:</b>					
Hagnaður (tap) og þynntur hagnaður á hlut		1,24	0,58	3,74	(0,01)

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

## Efnahagsreikningur 30. september 2021

	Skýr	30.9.2021	31.12.2020
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....		486.508	605.527
Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir .....		1.716.240	1.670.299
Húsaleiguréttindi .....		723.653	798.274
Skatteign .....		0	36.417
Fjáreignir á gangvirkni gegnum rekstur .....	10	43.793.490	38.838.589
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur .....	10	1.160.398	1.437.894
Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka .....		1.755.621	1.621.832
Viðskiptakröfur .....		7.703.464	6.496.024
Endurtryggingaeignir .....		1.226.543	886.583
Aðrar kröfur .....		867.685	794.811
Handbært fé .....		1.324.706	1.575.825
<b>Eignir samtals</b>		<u>60.758.306</u>	<u>54.762.076</u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		1.800.000	1.894.462
Lögbundinn varasjóður .....		625.620	625.620
Bundið eigið fé .....		11.386.019	5.455.207
Óráðstafað eigið fé .....		6.714.427	9.016.599
Eigið fé samtals		<u>20.526.066</u>	<u>16.991.888</u>
<b>Skuldir</b>			
Vikjandi skuldabréf .....	12	2.947.556	2.889.453
Tekjuskattskuldbinding .....		112.893	0
Húsaleiguskuldbinding .....		764.605	831.419
Vátryggingaskuld .....	13	32.524.611	30.072.968
Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka .....		1.755.621	1.621.832
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir .....		2.126.955	2.354.515
Skuldir samtals		<u>40.232.240</u>	<u>37.770.188</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>60.758.306</u>	<u>54.762.076</u>

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árs hlutareikningnum.

## Eiginfjáryfirlit 1. janúar - 30. september 2021

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
<b>2020</b>					
Eigið fé 1.1.2020 .....	1.894.462	625.620	2.792.537	9.881.307	15.193.926
Tap tímabilsins .....				(14.598)	(14.598)
Bundið eigið fé vegna verðbréfa .....			1.782.058	(1.782.058)	0
Eigið fé 30.9.2020 .....	1.894.462	625.620	4.574.595	8.084.651	15.179.329
<b>2021</b>					
Eigið fé 1.1.2021 .....	1.894.462	625.620	5.455.207	9.016.599	16.991.888
Greiddur arður 0,85 kr. á hlut .....				(1.596.693)	(1.596.693)
Keyptir eigin hlutir .....	(94.462)			(1.508.385)	(1.602.848)
Hagnaður tímabilsins .....				6.733.718	6.733.718
Bundið eigið fé vegna verðbréfa .....			5.930.812	(5.930.812)	0
Eigið fé 30.9.2021 .....	1.800.000	625.620	11.386.019	6.714.427	20.526.066

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árs hlutareikningnum.

# Sjóðstreymisyfirlit fyrir tímabilið 1. janúar - 30. september 2021

	9M 2021	9M 2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Heildarhagnaður (tap) tímabilsins .....	6.733.718	(14.598)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	(203.576)	(572.899)
Gangvirðisbreyting fjáreigna .....	(6.622.462)	(1.774.209)
Söluhagnaður rekstrarfjármuna .....	(1.864)	(1.176)
Afskriftir .....	541.407	431.597
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:		
Fjáreignir, breyting .....	1.533.165	(3.382.923)
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur, breyting .....	277.496	568.973
Viðskiptakröfur, breyting .....	(1.207.440)	(688.788)
Endurtryggingaeignir, breyting .....	(339.959)	104.469
Aðrar eignir, breyting .....	(72.874)	(6.416)
Tekjuskattskuldbinding, breyting .....	149.310	(72.574)
Vátryggingaskuld, breyting .....	2.451.643	3.608.272
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, breyting .....	(227.560)	398.466
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>	<b>3.011.006</b>	<b>(1.401.806)</b>
Innborgaðar fjármunatekjur .....	580.100	779.751
Greidd fjármagnsgjöld .....	(185.428)	(177.631)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>3.405.678</b>	<b>(799.686)</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		
Keyptir rekstrarfjármunir .....	(17.994)	(62.276)
Seldir rekstrarfjármunir .....	16.658	8.770
Keyptar óefnislegar eignir .....	(363.701)	(337.812)
	<b>(365.036)</b>	<b>(391.318)</b>
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>		
Keyptir eigin hlutir .....	(1.602.848)	0
Greiddur arður .....	(1.596.693)	0
Höfuðstóls afborganir húsaleiguskuldar .....	(93.621)	(85.911)
	<b>(3.293.162)</b>	<b>(85.911)</b>
Lækkun handbærs fjár .....	(252.521)	(1.276.915)
Handbært fé í upphafi árs .....	1.575.825	1.929.851
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé .....	1.402	6.354
Handbært fé í lok tímabilsins .....	<b>1.324.706</b>	<b>659.291</b>

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Vátryggingafélag Íslands hf., hér eftir nefnt félagið, samstæðan eða VÍS, er hlutfélag og starfar á grundvelli laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi og laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Höfuðstöðvar félagsins eru í Ármúla 3, Reykjavík.

Árshlutareikningur samstæðu Vátryggingafélags Íslands hf. hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess, Líftryggingafélags Íslands hf. (Lífis). Samstæðan starfar á sviði skadatrygginga, líftrygginga og fjármála. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi samstæðunnar á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

## 2. Grundvöllur reikningsskila

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn er jafnframt í samræmi við lög um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning hennar fyrir árið 2020.

Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins [www.vis.is](http://www.vis.is) og á vef Kauphallar Íslands [www.nasdaqomxnordic.com](http://www.nasdaqomxnordic.com)

Árshlutareikningurinn var samþykktur og leyfður til birtingar á stjórnarfundum þann 21. október 2021.

### Nýir reikningsskilastaðlar

Engir nýir reikningsstaðlar hafa verið innleiddir á árinu 2021.

Samstæðan hefur frestað upptöku IFRS 9 Fjármálagæringar til 2023 og mun taka hann upp samhliða upptöku IFRS 17 Vátryggingasamningar.

## 3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður og birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

## 4. Reikningshaldslegt mat

Við gerð samandregins árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar:

- fjáreignir; sjá skýringu nr. 10
- vátryggingaskuld; sjá skýringu nr. 13

## 5. Starfsþáttgreining

Samstæðunni er skipt í þrjú rekstrarstarfsþætti: Skaðatryggingarekstur, líftryggingarekstur og fjármálarekstur samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Afkoma starfsþáttanna fyrir tímabilið 1. janúar - 30. september 2021 var eftirfarandi:

	Skaðatrygginga- rekstur	Líftrygginga- rekstur	Fjármála- rekstur	Samtals
Iðgjöld tímabilsins .....	15.950.534	1.173.509	0	17.124.043
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum .....	(362.080)	(206.252)	0	(568.332)
Fjárfestingartekjur .....	93.529	8.074	6.965.127	7.066.730
Aðrar tekjur .....	50.426	0	0	50.426
Heildartekjur .....	15.732.409	975.332	6.965.127	23.672.868
Tjón tímabilsins .....	(12.708.606)	(512.185)	0	(13.220.791)
Hluti endurtryggjenda í tjónum .....	661.078	133.528	0	794.606
Tæknilegar vaxta og gengisbreytingar vátryggingaskuldar .....	0	0	229.741	229.741
Rekstrarkostnaður .....	(3.468.799)	(269.447)	(303.793)	(4.042.038)
Vaxtagjöld .....	0	0	(240.692)	(240.692)
Virðisrýmun viðskiptakrafna .....	0	0	(42.432)	(42.432)
Rekstrarafkoma starfsþáttar .....	216.082	327.228	6.607.951	7.151.261
Tekjuskattur .....				(417.543)
Hagnaður tímabilsins .....				6.733.718

Afskriftir rekstrarfjármuna og hugbúnaðar í skaðatryggingarekstri eru 396 milljónir króna og í fjármálarekstri 2 milljónir króna. Fjárfestingar í hugbúnaði og í rekstrarfjármunum í skaðatryggingarekstri eru 382 milljónir króna og sala rekstrarfjármuna í skaðatryggingarekstri 17 milljónir króna.

Afkoma starfsþáttanna fyrir tímabilið 1. janúar - 30. september 2020 var eftirfarandi:

	Skaðatrygginga- rekstur	Líftrygginga- rekstur	Fjármála- rekstur	Samtals
Iðgjöld tímabilsins .....	15.819.752	1.113.937	0	16.933.689
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum .....	(340.314)	(206.451)	0	(546.765)
Fjárfestingartekjur .....	92.751	7.609	2.459.955	2.560.315
Aðrar tekjur .....	45.929	0	0	45.929
Heildartekjur .....	15.618.118	915.094	2.459.955	18.993.167
Tjón tímabilsins .....	(13.867.319)	(398.726)	0	(14.266.045)
Hluti endurtryggjenda í tjónum .....	57.961	121.121	0	179.082
Tæknilegar vaxta og gengisbreytingar vátryggingaskuldar .....	0	0	(732.555)	(732.555)
Rekstrarkostnaður .....	(3.404.537)	(251.795)	(310.493)	(3.966.824)
Vaxtagjöld .....	(0)	0	(213.206)	(213.206)
Virðisrýmun viðskiptakrafna .....	0	0	(80.791)	(80.791)
Rekstrarafkoma starfsþáttar .....	(1.595.777)	385.695	1.122.910	(87.172)
Tekjuskattur .....				72.574
Tap tímabilsins .....				(14.598)

Afskriftir rekstrarfjármuna og hugbúnaðar í skaðatryggingarekstri eru 290 milljónir króna og í fjármálarekstri 2 milljónir króna. Fjárfestingar í hugbúnaði og í rekstrarfjármunum í skaðatryggingarekstri eru 391 milljón króna.

## Skýringar

### 6. Eigin iðgjöld

	9M 2021	9M 2020
Bókfærð iðgjöld .....	19.189.469	18.408.410
Hluti endurtryggjenda .....	(699.560)	(695.390)
Breyting á iðgjaldaskuld .....	(2.065.426)	(1.474.721)
Breyting á hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuld .....	131.228	148.625
Eigin iðgjöld.....	16.555.711	16.386.924

### 7. Fjárfestingatekjur

	9M 2021	9M 2020
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	7.700	9.883
Aðrar vaxtatekjur .....	438.004	430.373
Fjármunatekjur.....	445.704	447.857
Gangvirðisbreytingar hlutabréfa .....	5.287.482	(287.010)
Gangvirðisbreytingar annarra fjáreigna .....	1.334.979	2.061.219
Gangvirðisbreytingar fjáreigna .....	6.622.462	1.774.209

Með gangvirðisbreytingu fjáreigna er talinn 146 (9M 2020: 77) milljóna króna arður af hlutabréfaeign.

### 8. Eigin tjón

	9M 2021	9M 2020
Bókfærð tjón .....	12.604.833	12.865.049
Hluti endurtryggjenda .....	(552.038)	(426.018)
Breyting á tjónaskuld .....	615.958	1.400.996
Breyting á hluta endurtryggjenda í tjónaskuld .....	(242.568)	246.937
Eigin tjón.....	12.426.185	14.086.963

### 9. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn.

#### Virkt skatthlutfall:

	1. janúar - 30. september 2021		1. janúar - 30. september 2020	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt .....	7.151.261		(87.172)	
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli .....	1.430.252	20,0%	(17.434)	20,0%
Sérstakur fjársýsluskattur .....	44.014	0,6%	0	0,0%
Ófrádráttarbær kostnaður .....	5	0,0%	5	0,0%
Fenginn arður .....	(29.166)	-0,4%	(15.326)	17,6%
Gangvirðisbreytingar fjáreigna .....	(1.028.330)	-14,4%	(42.076)	48,3%
Aðrar breytingar .....	768	0,0%	2.257	-2,6%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi .....	417.543	5,8%	(72.574)	83,3%

# Skýringar

## 10. Fjárfestingaverðbréf

Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur greinast þannig:	30.9.2021	31.12.2020
<b>Eignarhlutar í öðrum félögum</b>		
Skráð í innlendra kauphöll .....	9.535.473	9.820.160
Skráð í erlendum kauphöllum .....	886.031	205.675
Önnur félög .....	5.741.959	3.439.476
	16.163.463	13.465.311
<b>Önnur verðbréf</b>		
Ríkistryggð, verðtryggð .....	2.300.611	844.752
Ríkistryggð, óverðtryggð .....	6.039.175	4.495.899
Önnur skuldabréf .....	7.803.123	10.124.390
Skuldabréfasjóðir .....	8.164.015	6.949.927
Fagfjárfestastjóðir .....	3.323.103	2.958.311
	27.630.027	25.373.279
Fjáreignir á gangvirði samtals .....	43.793.490	38.838.589
<b>Skuldabréf og aðrar langtímakröfur greinast þannig:</b>		
Lán með veði í fasteignum .....	1.160.398	1.437.894
Fjárfestingaverðbréf .....	44.953.888	40.276.483

## 11. Stigskipting gangvirðis

Taflan hér að neðan sýnir fjáreignir, færðar á gangvirði, flokkaðar eftir verðmatsaðferð. Matsaðferðunum er skipt í þrjú stig sem endurspeglar mikilvægi þeirra forsendna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis eignanna. Stigin eru eftirfarandi:

**Stig 1:** Gangvirðið byggir á skráðum verðum á virkum markaði fyrir samskonar eignir.

**Stig 2:** Gangvirðismatið byggir ekki á skráðum verðum á virkum markaði (stig 1) heldur á upplýsingum sem eru sannreynanlegar fyrir eignina, annað hvort beint (t.d. verð) eða óbeint (t.d. afleiddar af verðum). Í stigi 2 eru færðar fjáreignir þar sem ekki er virkur markaður. Matið á eignunum ákvarðast af nýlegum viðskiptum ótengdra aðila eða kaupþilboðum frá ótengdum aðilum. Einnig er stuðst við gangvirði annarra sambærilegra fjáreigna.

**Stig 3:** Gangvirðismatið byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum. Við mat á fjáreignum sem falla undir stig 3 eru notuð gögn eins og verðmat frá rekstraráðilum fjárfestingar- og fagfjárfestastjóða, söluréttur eða verðmat félagsins byggt á afkomu eða samanburði við sambærilegar fjáreignir.

### Samstæða

30. september 2021	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir á gangvirði .....	30.545.489	2.521.094	10.726.907	43.793.490

### Samstæða

31. desember 2020	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir á gangvirði .....	28.607.208	1.883.448	8.347.933	38.838.589

### Breytingar sem falla undir stig 3 á tímabilinu eru eftirfarandi:

	9M 2021	9M 2020
Staða 1.1. ....	8.347.933	7.077.248
Keypt .....	2.315.711	2.252.985
Selt/afborganir .....	(1.719.694)	(793.654)
Flutt á stig 1 .....	0	(676.727)
Vextir, matsbreyting .....	1.782.957	104.708
Staða 30.9. ....	10.726.907	7.964.560

## Skýringar

### 12. Víkjandi skuldabréf

Í lok febrúar 2016 gaf félagið út víkjandi skuldabréf að nafnverði 2.500 milljónir króna. Skuldabréfin tilheyra eiginfjárfætti 2 og teljast til gjaldþols félagsins. Þau bera fasta 5,25% verðtrygga vexti og eru til 30 ára með uppgreiðsluheimild og þrepahækkun á vöxtum upp í 6,25% 10 árum eftir útgáfu.

### 13. Vátryggingaskuld

Vátryggingaskuld er ákvörðuð sem besta mat samkvæmt ákvæðum Solvency II löggjafarinnar.

	30.9.2021	31.12.2020
<b>Vátryggingaskuld (heild):</b>		
Iðgjaldaskuld .....	9.936.177	7.866.665
Tjónaskuld .....	21.674.760	21.261.047
Áhættuálag .....	913.675	945.256
Vátryggingaskuld samtals .....	32.524.611	30.072.968
<b>Hlutdeild endurtryggjenda:</b>		
Iðgjaldaskuld .....	273.050	141.822
Tjónaskuld .....	951.473	708.905
Hlutdeild endurtryggjenda samtals .....	1.224.523	850.727
<b>Vátryggingaskuld í eigin hlut:</b>		
Iðgjaldaskuld .....	9.663.126	7.724.843
Tjónaskuld .....	20.723.287	20.552.142
Áhættuálag .....	913.675	945.256
Vátryggingaskuld í eigin hlut samtals .....	31.300.088	29.222.241

Tjónaskuld er reiknað besta mat félagsins samkvæmt Solvency II löggjöfnni á fjárhæð óuppperðra tjónsatburða á uppgjörstíma sem hafa verið tilkynntir félaginu og einnig vegna tjónsatburða sem hafa átt sér stað á uppgjörstíma en ekki verið tilkynntir félaginu eða tilkynntir með ófullnægjandi hætti. Iðgjaldaskuld er mat á skuldbindingum vegna þess tímabils sem eftir er af gerðum vátryggingasamningum á uppgjörstíma.

Áhættuálag er mat á fjármagnskostnaði við að leggja til eigið fé til jafns við gjaldþolskröfu sem nauðsynleg er til að standa undir vátryggingaskuldbindingum á uppgjörstíma þeirra. Áhættuálagið kemur ekki til greiðslu nema félagið selji vátryggingastofn sinn eða hluta hans.

### 14. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar, eða félög í þeirra eigu, sem hafa umtalsverð áhrif á samstæðuna, beint eða óbeint. Tengdir aðilar eru stórir hluthafar, stjórnarmenn og nefndarmenn undirnefnda stjórnar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra, sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir samstæðunni, s.s. hlutdeildarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengda aðila og stöður í efnahagsreikningi greinast þannig:

	1.1.-30.9.2021		30.9.2021	
	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Stjórn og lykilstarfsmenn .....	21.173	11.897	456.015	553
	1.1.-30.9.2020		31.12.2020	
	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Stjórn og lykilstarfsmenn .....	20.114	9.585	439.836	0

## Skýringar

### 15. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Engir atburðir hafa orðið eftir lok reikningsskiladags sem krefjast lagfæringa eða breytinga á árshlutareikningnum.

### 16. Lykilhlutföll

	9M 2021	9M 2020
Tjónahlutfall .....	77,2%	84,2%
Eigið tjónahlutfall .....	75,1%	86,0%
Rekstrarkostnaðarhlutfall .....	21,9%	21,6%
Endurtrygginga kostnaðarhlutfall .....	-1,3%	2,1%
Samsett hlutfall .....	97,7%	108,0%
Gjaldþolshlutfall samstæðu .....	1,68	1,64

### 17. Ársfjórðungayfirlit

	3F 2021	2F 2021	1F 2021	4F 2020	3F 2020
Iðgjöld tímabilsins .....	5.954.829	5.649.203	5.520.011	5.562.108	5.735.362
Eigin iðgjöld .....	5.741.143	5.462.752	5.351.816	5.366.876	5.586.502
Fjárfestingartekjur .....	2.008.989	2.574.161	2.483.580	2.724.183	1.109.986
Aðrar tekjur .....	14.150	17.642	18.634	19.277	19.114
Heildartekjur .....	7.764.282	8.054.555	7.854.031	8.110.335	6.715.602
Tjón tímabilsins .....	(4.085.104)	(4.502.380)	(4.633.307)	(4.994.729)	(4.228.098)
Eigin tjón .....	(4.044.743)	(3.912.225)	(4.469.218)	(4.882.431)	(4.193.640)
Tæknilegar vaxta- og gengisbr. váttryggingask. ....	27.450	129.360	72.931	74.497	(83.298)
Rekstrarkostnaður .....	(1.225.631)	(1.386.973)	(1.429.433)	(1.446.786)	(1.175.550)
Virðisrymnun viðskiptakrafna og vaxtagjöld .....	(83.070)	(100.387)	(99.667)	(152.749)	(111.251)
Hagnaður fyrir tekjuskatta .....	2.438.288	2.784.331	1.928.644	1.702.867	1.151.863
Tekjuskattar .....	(207.259)	(185.800)	(24.485)	109.695	(119.673)
Heildarhagnaður tímabilsins .....	2.231.029	2.598.531	1.904.158	1.812.561	1.032.190
Tjónahlutfall .....	68,6%	79,7%	83,9%	89,8%	73,7%
Eigið tjónahlutfall .....	70,5%	71,6%	83,5%	91,0%	75,1%
Rekstrarkostnaðarhlutfall .....	19,0%	22,8%	24,0%	24,0%	18,8%
Endurtryggingakostnaðarhlutfall .....	2,9%	(7,2%)	0,0%	1,5%	2,0%
Samsett hlutfall .....	<b>90,5%</b>	<b>95,3%</b>	<b>108,0%</b>	<b>115,3%</b>	<b>94,5%</b>